

**From:** Dagný Hulda Jóhannsdóttir

**Sent:** föstudagur, 15. maí 2020 16:02

**Subject:** Efni: Gagnvirkt ferðalag - ný og spennandi tæknilausn sem framleiðir markaðs- og kynningarefni í rauntíma og birtir út frá áhugasviði gesta

### Sveitarfélagið Árborg

**Efni:** Gagnvirkt ferðalag - ný og spennandi tæknilausn sem framleiðir markaðs- og kynningarefni í rauntíma og birtir út frá áhugasviði gesta.

Markaðsstofur landshlutanna eru með nýtt og spennandi verkefni í undirbúningi sem allir landshlutar hafa lýst áhuga á að vinna áfram. Um er að ræða nýja tæknilausn, sem kallast „Gagnvirkt ferðalag“, sem miðar að því að bjóða gestum í stafrænt ferðalag eftir vali hvers og eins út frá áhugasviði og lengd dvalar. Með vali sínu á áfangastöðum og afþreyingu kallar gesturinn fram draumaferðina sína sem birtist honum á myndbandsformi. Einnig getur gesturinn kallað fram ferðaplan á pdf formi með mynd og stuttum kynningartexta, sem svo hlekkjar nánari upplýsingar inná vef landshlutans [www.south.is](http://www.south.is) / [www.sudurland.is](http://www.sudurland.is). Þessi lausn mun verða aðgengileg á landshlutavef Suðurlands, [www.south.is](http://www.south.is). Myndbandinu getur gesturinn deilt á samfélagsmiðlum með einum smelli. Upplifun gestsins er frábær, en hann fær klæðskerasniðna ferðaleið til sín í myndbandi í rauntíma.

Í verkefninu er gert ráð fyrir í byrjun allt að 225 myndpökkum af stöðum/upplifunarmöguleikum á Suðurlandi en hver myndpakki myndi innihalda eitt 10 sek myndband og 4 ljósmyndir. Kerfið gerir okkur svo kleift að framleiða og setja saman efni á ótal vegu og eru möguleikarnir í raun endalausir, án þess að mannshöndin komi nærri lokaframleiðslunni. Hugmyndin er að skipta verkefninu á Suðurlandi í tvo fasa, þar sem í fyrri fasa eru 125 staðir/upplifun sem kemur til framkvæmda á árinu 2020. Seinni fasi kæmi til framkvæmda á næsta ári, eða 100 staðir/upplifanir.

Ávinningur af verkefninu er m.a.:

- Fjölmargir möguleikar á mynda- og myndbandapökkum
- Möguleikar í dreifingu á samfélagsmiðlum (hægt að stýra efni vel á markhópa)
- Notkunin hefst þegar ferðamaðurinn lætur sig dreyma, á meðan á dvöl stendur og til að dreifa minningum („þarna verð/er/var ég“) og eykur þar með kynningu á áfangastaðnum)
- Sparnaður til lengri tíma, þar sem tæknin sér um að „framleiða“ mismunandi efni eftir þörf á hverjum tíma.
- Sveitarfélög í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands gætu t.d. óskað eftir stuttum kynningarmyndböndum með myndefni úr sveitarfélaginu til að nota á sínum miðlum.

Eins og við vitum mun landshlutinn okkar vera í samkeppni við aðra landhluta um íslenska ferðamenn nú í sumar, en með samstilltu átaki höfum við alla burði til að skapa okkur forskot í samkeppninni. Markaðsstofan hefur verið í þéttu samstarfi við faghóp sveitarfélaganna í ferðamálum á Suðurlandi með ýmis verkefni sem miða m.a. að því að styðja við og efla ferðapjónustu á Suðurlandi vegna áhrifa Covid-19. Meginmarkmið verkefnanna er að laða að íslenska ferðamenn fyrir ferðasumarið og haustið 2020. Verkefnið „Gagnvirkt Ísland“ leggur m.a. grunn að efni sem styður við markaðssókn innanlands, svo verkefnin vinna þar vel saman. Þá er verkefnið „Gagnvirkt Ísland“ einnig fjárfesting til lengri tíma og fyrir erlendan markað til að laða ferðamenn til landshlutans á komandi árum.

Fjármögnun verkefnisins er í vinnslu og ástæða þessa erindis. Heildarkostnaður við verkefnið eru rúmar 15 milljónir með Vsk, en fyrri hlutinn sem kemur til framkvæmda strax hljóðar upp á um 9,4 milljónir með Vsk.

Sóknaráætlun Suðurlands hefur lagt til fjármagn m.a. til markaðssetningar á landshlutanum innanlands sem viðbragð við Covid19. Hluti af því verður nýttur sem grunnur inní efnissköpun fyrir það átak sem og „Gagnvikra Ísland“, að því gefnu að fjármögnun þess takist að fullu. Þá hefur stjórn Markaðsstofunnar samþykkt að setja 3.500.000 af viðbótarfjármagni sem hún fékk nýlega inn í verkefnið. Útaf standa 3.500.000 í fyrsta fasa, sem leitað er til allra sveitarfélaganna á Suðurlandi að fjármagna. Því óskar Markaðsstofan eftir stuðningi Sveitarfélagsins Árborgar að upphæð **832588** kr., sem skiptist í 75.000 kr. grunnframlag hvers sveitarfélags og 80 kr. per. íbúa. Skiptir stuðningur ykkar miklu máli til að verkefnið geti orðið veruleika og það sem allra fyrst.

Samtakamáttur sveitarfélaga á Suðurlandi er öflugur þegar að svona verkefni kemur en eins og við öll vitum þá erum við að fást við aðstæður sem enginn gerði ráð fyrir í lok árs 2019.

Bent er á að þátttaka í verkefninu skilar svæðinu fjölmörgum myndum og myndbandsskotum sem sveitarfélögin fá bæði tækifæri til að móta, sem og í framhaldinu nýta að vild í markaðssetningu.

Tímaramminn er þröngur, Sveitarfélög á Suðurlandi eru hvött til að svara erindi þessu eigi síðar en 22. maí 2020.

Virðingafyllst,

**Dagný H. Jóhannsdóttir**

Framkvæmdastjóri | Managing director

